

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 272

**Staður:** Selfossveitur, Austurvegi 67, Selfossi.

**Dagsetning og tími:** 1. nóvember 2018, kl. 15:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sat fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Formaður bauð nýja stjórn velkomna til starfa. GHH settur í hlutverk ritara.

### 2. Þjónustusamningur við SASS

Lögð fram drög að nýjum samningi við SASS. Rætt var um fyrirkomulag við gjalddöku og skráningu sorpmagns. Formanni falið að kalla eftir svörum frá Gámaþjónustunni og ÍGF um skráningu sorpmagns og óska eftir fundi SOS með fyrirtækjunum. Stjórn samþykkir að fá aðstoð Stefáns Gíslasonar við að halda utan um magntölur.

### 3. Samkomulag um tímabundna þjónustu SORPU bs.

SORPA bs. hefur boðið tímabundið samkomulag um móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs. Lagt er fram lögfræðialit Lex lögmennsstofu þar sem fram kemur að viss ákvæði samkomulagsins kunni að brjóta samkeppnislög. Stjórn SOS telur því ekki mögulegt að óbreyttu að ganga að fyrirbyggjandi samkomulagi og óskar eftir fundi með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH/SORPU sem allra fyrst, þar sem farið verði yfir mögulegt samkomulag og jafnframt verði kynnt vinna SOS við staðarval og valkostagreiningu fyrir urðun úrgangs á Suðurlandi

### 4. Valkostagreining á urðunarstöðvum.

Stefán Gíslason kynnti upplýsingar um greiningu á sorpmagni, möguleika til úrbóta í flokkun og vinnu við valkostagreiningu vegna leitar að urðunarstað á Suðurlandi. Lagt er fram drög að minnisblaði frá Eflu verkfræðistofu þar sem ákveðnir valkostir hafa verið skoðaðir og metnir að hluta. Stjórn telur að bæta þurfi við þann lista tveimur stöðum auk þess sem Stefáni er falið að tala Vestmannaeyjabæ vegna vinnu þeirra við að koma upp brennslustöð í Vestmannaeyjum. Lögð er áhersla á að vinnu við samantektina verði flýtt sem kostur er og fyrstu drög að staðarvalsskýrslu verði tilbúin til kynningar í næstu viku.

### 5. Önnur mál.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Selfossi þriðjudaginn 20. nóvember n.k. kl. 15:00

Fundi slitið klukkan 17:30